



Leiðbeiningar um góða stjórnarhætti lífeyrissjóða og starfsvenjur fulltrúa SA í stjórnnum lífeyrissjóða

Stjórn SA hefur samþykkt eftirfarandi leiðbeiningar til þeirra fulltrúa sem tilnefndir eru af hálfu SA til setu í stjórnnum lífeyrissjóða.

1. Leiðbeiningar þessar eru settar fram sem viðmið fyrir stjórnarmenn um góða stjórnarhætti. SA beinir ekki fyrirmælum til stjórnarmanna lífeyrissjóða sem samtökin skipa, né eru stjórnarmenn bundnir af neinum fyrirmælum þeirra aðila sem skipa þá í stjórn.
2. Stjórnarmenn skulu taka ákvarðanir í takt við sannfæringu sína, gildandi lög og reglur og með þeim hætti að hagsmuna sjóðsfélaga sé sem best gætt.
3. Stjórnarmenn hafa forgöngu um að stjórnir sjóða setji sér starfsreglur sem hafa góða stjórnarhætti, gildandi lög og reglur, tilgang sjóðanna og hagsmuni sjóðsfélaga að leiðarljósi.
4. Stjórnarmenn beiti sér fyrir því að lífeyrissjóðir marki sér skýra hluthafastefnu þar sem meðal annars sé kveðið á um virkni sjóðanna sem hluthafa, reglur um skipan í stjórnir hlutafélaga og hvernig sjóðurinn hátti þáttöku sinni í atkvæðagreiðslum í hlutafélögum er hann fjárfestir í.
5. Stjórnarmenn beiti sér fyrir því að í samþykktum lífeyrissjóða sé kveðið á um hámarks-skipunartíma stjórnarmanna til að tryggja eðlilega endurnýjun stjórna.